

Auglýsing um friðlýsingu Oddaflóða

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur [Umhverfisstofnun] fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa Oddaflóð á Rangárvöllum, Rangárvallasýslu og er svæðið friðland.

Mörk friðlandsins eru þessi: Ytri-Rangá að vestan, þverskurður í landi Selalækjar að norðan, austur-mörkin eru brekkubætur neðan Sólvalla eins og þau eru dregin á meðfylgjandi uppdrátt allt suður að skurði úr Eyrartjörn sem sker ásinn rétt norðan Kamphóla. Mörkin fylgja síðan nefndum skurði 460m úr vestri í austur, þaðan er sjónlína vestan Hólmaflóðs í suðvesturhorn túna austan Sólvalla og sunnan heimreiðar að Sólvöllum, úr þeim punkti er sjónlína í norðvesturhorn túna milli Sólvalla og Langekru og sunnan heimreiðar að Sólvöllum. Úr þeim punkti er lína sem hugsast dregin samsíða skurði vestan nefndra túna allt í Vöðla í Þverá. Þverá markar friðlandið að sunnan. Til friðlandsins heyra einnig Oddeyrar og bakkar.

Um friðlandið gilda þessar reglur:

1. Ekki má breyta landslagi á svæðinu. Gildir það einnig um tjarnarbakka, vatnsfarvegi og vatnsborð.
2. Mannvirkjagerð og jarðrask er háð leyfi [Umhverfisstofnunar].
3. Fuglaveiðar eru bannaðar í friðlandinu.
4. Friðlandið má nytja á sama hátt og tíðkast hefur, það er til slægna, beitar og fiskveiði.
5. Umferð ökutækja sem ekki tengist hefðbundnum nytjum sbr. lið 4 er óheimil. Heimil er hefðbundin umferð með hesta.

Gangandi mönnum er heimil för um friðlandið í lögmætum tilgangi enda sé góðrar umgengni gætt og varast að trufla búsmala og fuglalíf. [Umhverfisstofnun] setur nánari reglur um umferð ef þörf gerist.

[Umhverfisstofnun] getur falið einum eða fleiri mönnum umboð sitt til eftirlits með framkvæmd friðlýsingar að nokkru eða öllu leyti.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar] eða þess sem fer með umboð stofnunarinnar.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 47/1971 um náttúruvernd. Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Umhverfisaráðuneytið, 6. desember 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigurður Á. Práinsson